



Mýrdalshreppur

UNDIR SKERI Í VÍK

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI



Mars 2026

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI



LANDMÓTUN®



Margrét Ólafsdóttir, Eyrún Pétursdóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - netf: landmotun@landmotun.is



LANDMÓTUN®



Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulags- og umherfisráði þann _____ 2026 og

í sveitarstjórn þann _____ 2026.

Tillagan var auglýst frá _____ 2026 með athugasemdafresti til _____ 2026 .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2026.

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdraóttur í mkv. 1:1000 dagsettur mars 2026



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Afmörkun og aðkoma	6
1.2	Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn	7
2	FORSENDUR.....	7
2.1	Íbúðapróun	7
2.2	Staðhættir og veðurfar	7
2.3	Minjar	8
2.4	Náttúruvá.....	8
2.5	Náttúrufar	8
2.6	Tengsl við aðrar áætlanir	9
3	Deiliskipulag.....	10
3.1	Afmörkun	10
3.2	Almennir skilmálar	10
3.2.1	Byggingareitir	11
3.2.2	Leiksvæði	11
3.2.3	Lóðafrágangur og gróður	11
3.2.4	Göngustígar/gangstéttir	11
3.2.5	Reiðhjólasterði.....	11
3.2.6	Bílastæði	11
3.2.7	Sorp.....	11
3.2.8	Gisting.....	12
3.2.9	Skilti	12
3.3	Sérákvæði.....	12
3.3.1	Íbúðalóðir	12
3.3.2	Miðsvæði	14
4	UMHVERFISÁHRIF.....	14
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	15
6	Heimildaskrá	16



MYNDASKRÁ

Mynd 1 Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 2000 - 1 janúar 2026.....	7
Mynd 2 Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (Veðurstofa Íslands 2024).....	7
Mynd 3Vík 163118 205 - 32. Horft til austurs yfir tóft smiðjunnar. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir	8
Mynd 4. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið	9

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Íbúðarsvæði ÍB4 og ÍB7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.	9
Tafla 2 Miðsvæði M5 og M7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.	10
Tafla 3. Skilmálatafla fyrir íbúðalóðir.....	12
Tafla 4. Skilmálar fyrir lóðir á miðsvæði	14

1 INNGANGUR

Gerð er nýtt deiliskipulag fyrir Undir-Skeri í Vík, íbúðar- og miðsvæði. Við endurskoðun þessa fellur fyrirbyggjandi deiliskipulag úr gildi. Tilgangur þessa deiliskipulags er að klára heildarendurskoðun skipulaga innan austurhluta Víkurs þar sem verið er að skipta deiliskipulagssvæðinu upp eftir landnotkunarflokkum og um leið einfalda skipulögin þannig að hvert deiliskipulag nái að mestu til svæðis með einn til tvo landnotkunarflokk.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarsvæðið Undir skeri í Vík. Svæðið er innan þéttbýlismarka og er skilgreint sem annars vegar miðsvæði (M5 og M7) og hins vegar íbúðarbyggð (ÍB4, ÍB7) í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.

Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum eða mannvirkjum sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

1.1 Afmörkun og aðkoma

Skipulagssvæðið er um 6.2 ha að stærð og er staðsett frekar miðsvæðis í Vík og liggur hvoru megin við núverandi hringveg 1 (ber nafnið Austurvegur á þessum kafla). Götur sem tilheyra skipulaginu eru Austurvegur, Kirkjuvegur, Strandvegur og Sléttuvegur. Aðkoma inn í göturnar á svæðinu er frá Austurvegi.



Mynd 1 Deiliskipulagssvæðið.



1.2 Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn


Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina skipulag fyrir miðsvæði og íbúðarsvæði í Vík samkvæmt áætlunum gildandi aðalskipulags. Um er að ræða bæði nú þegar byggðar íbúðagötur svo og óbyggðar götur. Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Vík undanfarin áratug og því er mikilvægt að skipulagt sé meira af íbúðarhúsnæði.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:1000 og í greinargerð þessari.

2 FORSENDUR

2.1 Íbúaþróun


Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Vík í Mýrdal undanfarin áratug en mikil aukning ferðamanna skýrir þessa miklu fólksaukningu í bænum. Í byrjun árs 2026 var íbúafjöldi alls 1004 í Mýrdalshreppi en þar af voru 740 þeirra búsettir í Vík. Á síðustu 10 árum hefur því fólksfjöldi í Vík tæplega tvöfaldast. Þörfin fyrir ný íbúðarhúsnæði er því augljós. Mynd 1. sýnir íbúaþróunina frá 2000 – 2026.



Mynd 1 Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 2000 - 1 janúar 2026

2.2 Staðhættir og veðurfar

Skipulagssvæðið er miðsvæðis í Vík og nær yfir íbúðarsvæðin. Þjóðvegur 1 fer þvert í gegnum skipulagssvæðið. Landið sem skipulagssvæðið nær til er í mismiklum halla. Allt frá því að vera í brekku til að vera nánast slétt. Ríkjandi vindátt er norðaustur en einnig geta komið nokkuð kröftugir vindar úr vestri.



Mynd 2 Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (Veðurstofa Íslands 2024)

2.3 Minjar



Mynd 3Vík 163118 205 - 32. Horft til austurs yfir tóft smiðjunnar. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir

Í Mýrdalshreppi hefur farið fram skráning fornminja í þéttbýlinu Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Samkvæmt skráningunni er ein fornleif innan skipulagssvæðisins og er skráð undir fornleifaskráning í Suður Vík. Fornminjar nr. 32 (Suður-Vík 163118 205 -32) er tóft af gamalli járnsmiðja, byggð af Birni Björnssyni (1887-1984). Hugmyndir hafa verið uppi um að reyna að endurbyggja smiðjuna. Frá því að ljósmyndin var tekin af tóftinni hefur vegur og vegkantur verið steiptur innan helgunarsvæðis hennar. Hún er þó enn á sínum

stað og í svipuðu ástandi og áður. Deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir frekar framkvæmdum í eða við tóftina.¹ Fornleifaskráningin er komin til árra sinna og samræmist ekki núgildandi kröfum um skráningu minja. Ef fara á í frekari framkvæmdir á svæðinu er nauðsynlegt að fornleifaskrá svæðið á ný.

Innan deiliskipulagssvæðisins er eitt hús með aldursfriðun skv. lögum nr. 80/2012 þar sem það er eldra en 100 ára. Þetta er Kirkjuvegur 2 en húsið var byggt 1916.

2.4 Náttúruvá

Í Mýrdalshreppi gætir náttúruvá m.a. vegna eldsumbrota, hlaupa, landbrots og sjávarflóða á láglandi vegna nálægðar við sjó samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Veðurstofa Íslands hefur unnið ofanflóðahættumat fyrir Vík í Mýrdal sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 10. febrúar 2010 (Tómas Jóhannesson o.fl. 2009). Þau hættumatssvæði eru afmörkuð í gildandi aðalskipulagi, þéttbýlisupprætti fyrir Vík. Svæðið sem þessi breyting nær til er utan þeirra hættusvæða.


Hvað náttúruvá varðar s.s. eldvirkni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörunarkerfi Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlun Almannavarna.

2.5 Náttúrufar

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) í kortavefsjá um Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Ísland er svæðið nánast allt flokkað sem þéttbýli og annað manngert land. Deiliskipulagssvæðið er annað hvort nú þegar byggt eða að einhverju leiti manngert.

¹ Katrín Gunnarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður – Vík/ SuðurVík.

2.6 Tengsl við aðrar áætlanir



Mynd 4. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

Innan deiliskipulagssvæðisins eru fjögur mismunandi skipulagssvæði samkvæmt aðalskipulagsupprætti þéttbýlis í Vík, þ.e. IB4, IB7, M5 og M7. Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps eru skilgreind 9 íbúðarsvæði. Í töflu hér fyrir neðan má sjá þær upplýsingar sem koma fram um **íbúðarsvæðin** (IB4 og IB7) tvö sem falla að hluta undir deiliskipulagið. Almennir skilmálar fyrir íbúðabyggð í þéttbýli sem skilgreindir eru í aðalskipulaginu gilda einnig í þessu deiliskipulagi.

Tafla 1 Íbúðarsvæði IB4 og IB7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Nr.	Heiti	Lýsing og skilmálar	Fjöldi íbúða		Stærð (ha)	Fjöldi lóða	Óbyggðar lóðir
			Núverandi	Hámark			
IB4	Undir Skeri	Austurvegur 11-27 / 4-10, Kirkjuvegur 1-5 / 2-4. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	21	34	2,2	16	0
IB7	Austur hluti	Strandvegur 1-15 / 2 – 30, Klettsvegur 2- 12, 12, Sléttuvegur 1- 3. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	19	65	2,8	15	3



Um **Miðsvæði** (M) stendur m.a. í gildandi aðalskipulagi að miðsvæði sé svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu...svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Í Vík eru skilgreind sex miðsvæði. Í töflunni hér að neðan má sjá þær upplýsingar sem koma fram í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps um M5 og M7.

Tafla 2 Miðsvæði M5 og M7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Nr.	Nafn	Lýsing og skilmálar	Fjöldi gistirúma	Stærð (ha)
M5	Austurvegur 17	Svæði fyrir ýmsa atvinnustarfsemi, stofnanir, verslun og þjónustu. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 600 m ² .	0	0,2
M7	Sléttuvegur 10 og Austurvegur 15	Gert ráð fyrir blandaðri starfsemi þar sem tengist ferðaþjónustu svo sem starfsmannaíbúðir. Hámarks byggingarmagn er 1500 m ² .	0	0,5

Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

Með deiliskipulagi þessu fellur deiliskipulag austurhluta Víkur, íbúðar-, verslunar-, athafna- og iðnaðarsvæði úr gildi. Skipulag þetta liggur að Deiliskipulagi austurhluta Víkur en þessi skipulög eru vel í samræmi.

3 Deiliskipulag

Í þessu deiliskipulagi er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðabygging en einnig þjónustu- og stofnanalóðir inn á miðsvæði.

3.1 Afmörkun

Deiliskipulagssvæðið nær yfir land sem er 6,2 ha að stærð, miðsvæðis í Vík í Mýrdal. Íbúðabyggingin jafnt og miðsvæðið er að mestu leyti nú þegar byggt. Aðkoma inn á hin mismunandi svæði deiliskipulagsins eru öll frá Austurvegi (Hringvegur 1).

3.2 Almennir skilmálar

Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

- Hús skulu byggð á steypum grunni með steyptri botnplötu.
- Til að skapa heildstætt yfirbragð á hverfinu skal samræma efnis og litarval bygginga og er það háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.
- Uppsetning nýrra hraðhleðslustöðva á sérsökum þjónustustöðvum innan deiliskipulagssvæðisins er háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.



3.2.1 Byggingareitir

Byggingarreitur er auðkenndur með brotinni línu og sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum og jafnframt ystu mörk á grunnfleti húss.

3.2.2 Leiksvæði

Gert er ráð fyrir tveimur leiksvæðum inn á deiliskipulaginu. Annað þeirra er sunnan við Strandveg og hitt sunnan við Austurveg 27a.

3.2.3 Lóðafrágangur og gróður

Öll stöllun á lóð skal gerð innan lóðar. Fjarlægð stalla/fláa frá lóðarmörkum skal vera a.m.k. jöfn hæð þeirra, nema þar sem óhreyft landslag býður upp á betri lausnir. Við frágang á gróðurbelta á lóðarmörkum skal forðast að hafa þau einsleit og því verði fjölbreytileiki í vali á trjám- og runnagróðri.

Lóðarhafi skal hafa samráð við nágranna um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum þeirra. Verði ágreiningur þar um, skal hlíta úrskurði skipulags- og umhverfisráðs og/eða byggingarfulltrúa í því máli. Gróður á svæðinu skal miðast að því að mynda skjól og rýmismyndun.

3.2.4 Göngustígur/gangstéttir

Gangstéttir skulu liggja beggja vegna gatna til þess að tryggja eins og kostur er til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Hönnun og frágangur gangstétta skal taka mið af aðstæðum á svæðinu og tryggja gott aðgengi fyrir alla, þar á meðal hreyfihamlaða.

Gönguleiðir skulu tryggja greiðar og öruggar tengingar fyrir gangandi vegfarendur innan skipulagssvæðis og við nærliggjandi svæði. Breidd gönguleiða skal að jafnaði vera að lágmarki 1,5 m. Frágangur og efnisval skal taka mið af aðstæðum á svæðinu og vera í samræmi við kröfur sveitarfélagsins.

3.2.5 Reiðhjólasterði

Gera skal ráð fyrir reiðhjólasterðum með góðu aðgengi við megin aðkomu helstu mannvirkja og stofnana innan lóða.

3.2.6 Bílastæði

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Bílastæði við fjölbýlishús og gestastæði skulu vera a.m.k. 5 m að lengd og 2,5 m að breidd. Bílastæði fyrir framan við bílgeymslur eða húsvegg skulu ekki vera styttri en 6 metrar. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skal vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofu.

3.2.7 Sorp

Meðhöndlun sorps á deiliskipulagssvæðinu skal fylgja stefnu Mýrdalshrepps í sorpmálum og gildandi reglum og samþykktum varðandi meðhöndlun úrgangs. Gera skal fyrir flokkun sorps og huga skal að möguleikum á aukinni flokkun. Huga þarf vel að frágangi á sorpgeymslum þannig að hægt sé að mæta nýjum óskum og kröfum varðandi sorphirðu. Sorpgeymslur skulu staðsettar innan lóðarmarka. Sorpgeymslur/djúpgámar geta ýmist verið innbyggður hluti mannvirkis eða stakstæð. Sorpgeymslur skal hanna sem hluta af heildarmynd umhverfis og bygginga hvort sem um er að ræða geymslu sem er áföst byggingum eða á lóð og skal gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum og lóðauppdráttum. Flatarmál sorpgeymslna reiknast ekki til smáhýsa.



3.2.8 Gisting

Aðeins er heimilt að vera með gistaði í flokki I: heimagisting (skv. reglugerð 1277/2016) á íbúðarsvæðum og á reit M5 og M7.

3.2.9 Skilti

Öll skilti eru bönnuð í íbúðabyggð.

Ef setja á skilti á miðsvæði skal sækja um leyfi fyrir það til sveitarfélagsins fyrir uppsetningu allra skilta innan sveitarfélagsins. Skilti utan á húsum eða stakstæð á lóðum eru leyfisskyld og skal sækja um leyfi fyrir uppsetningu þeirra til sveitarfélagsins. Skilti eða skiltaturnar skulu almennt staðsettir innan lóða og í samræmi við skilmála byggingarreglugerðar nr.112/2012 kafla 2.5. Skilti mega vera staðsett á hverri húshlið en ekki ná upp fyrir þak. Almennt er hámarksstærð skilta 8 m² á hverri húshlið. Heimilt er að setja skilti stakstætt á lóð. Í slíku tilfelli skal staðsetning og útlit þess sett fram á aðaluppdrætti hússins. Stærð skilta er að hámarki 8 m² og skal áletrun og framsetning skilta tengjast starfsemi viðkomandi húss. Ekki er heimilt að vera með veltiskilti né skjái, svo sem LED skilti.

3.3 Sérákvæði

Í sérákvæðum er fjallað sérstaklega um hverja byggingu innan skipulagsins. Núverandi og breyttar lóðastærðir, nýtingarhlutfall, stærð núverandi bygginga og hámarks- og lámarksbyggingarmagn. Hámarks hæðir húsa og fjöldi hæða, fjöldi íbúða innan hvers húss og fjöldi bílastæða innan lóðar.

3.3.1 Íbúðalóðir

Deiliskipulagið fjallar um 23 lóðir fyrir íbúðabyggð.

Almennir skilmálar fyrir íbúðalóðir

- Á lóð skal koma fyrir 2 bílastæðum fyrir hverja íbúðareiningu.
- Ný íbúðarbyggð skal falla sem best að náttúrulegu umhverfi og samræmast þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar tegundir íbúða, stærðir, þéttleika og ásýnd svo þorpsásýnd bæjarins haldist.
- Heimilt er að setja upp sólarcellur á þökum íbúðarhúsa og bílskúra. Sólarcellur skulu að jafnaði fylgja halla þaks og vera sem næst þakfleti. Uppsetning skal vera þannig að hún hafi ekki neikvæð áhrif á útlit byggðar eða valdi verulegum glampa til nágretta eða umferðar.

Tafla 3. Skilmálatafla fyrir íbúðalóðir

Skilmálatafla – deiliskipulag Undir skeri									
Lóð	Núv. lóðarst. m ²	Ný lóðarst. m ²	Þegar byggð hús m ²	Lágm. byggingar m. m ²	Hámark s. bygging arm. m ²	Hámarks hæð húsa í m	Hæðir	Íbúðir	Aðrir skilmálar
Austurvegur 4	962	962	259,2	150	280	7	2	1-2	1 smáhýsi leyft.
Austurvegur 6	900	949	210,6	150	280	7	2	1-2	1 smáhýsi leyft
Austurvegur 8	1152	1152	134,1	150	280	7	1-2	1-2	1 smáhýsi leyft.
Austurvegur 10	1130	1130	156,8	150	280	7	1-2	1-2	1 smáhýsi leyft.
Austurvegur 19-27A	3000	3521	937,5	900	1350	7	2	5-10	5 smáhýsi leyfð, en aðeins 1 á hverja íbúð.



Íbúðarsvæði í Vík -tillaga að deiliskipulagi

Austuvegur 29	30	220	22,5	20	50	3	1	-	Spennistöð
Klettsvegur 4	913	912	401,4	401,4	401,4	7	2	4	Smáhýsi ekki leyfð.
Klettsvegur 6	394	393	85	85	110	5,5	1	1	Smáhýsi ekki leyfð
Klettsvegur 8	369	358	85	85	110	5,5	1	1	Smáhýsi ekki leyfð
Klettsvegur 10	373	380	85	85	110	5,5	1	1	Smáhýsi ekki leyfð
Klettsvegur 12	394	393	85	85	110	5,5	1	1	Smáhýsi ekki leyfð
Kirkjuvegur 2	524,2	525	82,3	82,3	150	5,5	1-2	1-2	1 smáhýsi leyft. Húsið er byggt 1916 og er því með aldurs-friðun.
Kirkjuvegur 4	504	785	222	150	260	7	1-2	1-2	1 smáhýsi leyft.
Sléttuvegur 1	1929	1929	806,7	806,7	806,7	7	2	12	Smáhýsi ekki leyfð.
Sléttuvegur 3	2700	2700	1223,1	1223,1	1223,1	7	2	12	Smáhýsi ekki leyfð.
Sléttuvegur 3a	2098	2098	1072,8	1072,8	1072,8	7	2	13	Smáhýsi ekki leyfð.
Strandvegur 2-6	1231	1226	260,6	260	335	5,5	1	3	Smáhýsi ekki leyfð.
Strandvegur 5-9* ¹	-	943	-	150	280	5,5	1	1-3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.
Strandvegur 8-12	1244	1229	260,6	260	335	5,5	1	3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.
Strandvegur 11-15	1480	1520	324	324	400	5,5	1	3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.
Strandvegur 14-18	1193	1283	260,6	260	335	5,5	1	3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.
Strandvegur 20-24	1158	1309	260,6	260	335	5,5	1	3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.
Strandvegur 26-30	1191	1222	260,6	260	335	5,5	1	3	3 smáhýsi, að hámarki 1 á hverja íbúð.

*¹ Fyrirvari er settur vegna uppbyggingar á lóð við Strandveg 5-9 um breytta legu þjóðvega 1 í gegnum Vík.



3.3.2 Miðsvæði

Innan deiliskipulagsins eru tvær lóðir á miðsvæði.

Almennir skilmálar fyrir miðsvæði

- Engin gistirúm eru leyfð innan svæðisins.
- Á miðsvæðum á ásýnd og frágangur að vera til fyrirmyndar og lögð áhersla á umhverfisleg gæði í hönnun og góðar og öruggar tengingar við önnur svæði.
- Aðgengi fyrir alla skal haft að leiðarljósi, og vistvænum samgöngumátum gert hátt undir höfði og öryggi þeirra sett í forgang.

Tafla 4. Skilmálar fyrir lóðir á miðsvæði

Skilmálatafla – deiliskipulag Undir skeri							
Lóð	Núv. lóðarst. m ²	Ný lóðarst. m ²	Þegar byggð hús m ²	Hámarks hæð húsa í m	Hæðir	Íbúðir	Aðrir skilmálar
Austurvegur 15	646	617	302,5	7	2	-	
Austurvegur 17	1000	1210	345,8	7	2	1	

4 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skipulagsins eru óveruleg þar sem er að mestu er um þegar byggða byggð að ræða. Lóðir þessar eru þó á þegar röskuðu landi. Skipulagstillagan er jákvætt fyrir samfélagið þar sem verið er eða þegar hefur verið að einhverju leiti mætt þörf fyrir nýjar íbúðarhúsaloðir. Skipulagið er jákvætt fyrir sveitafélagið þar sem það er hluta af því verkefni að koma heildarsýn á skipulag byggðarinnar.



5 SAMRÁÐ OG KYNNING



6 Heimildaskrá

AðalskipulagMýrdalshrepps 2021-2033.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Hagstofa Íslands, (2026), Mannfjöldi, <https://hagstofa.is/>

Katrín Gunnarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður – Vík/ SuðurVík

Ólafus Arnalds, Hlynur Óskarsson o.fl. Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt 14.11.2024 af:
<https://www.moldin.net>

Veðurstofa Íslands, (2024), Vindatlas, <https://vindatlas.vedur.is/>